

Veiting Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrri farveg, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 12. maí 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um veitingu Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrri farveg í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Veiting Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrri farveg. Matsskyldufyrirspurn. Efla. Maí 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 6. júní 2025.
- Forsætisráðuneytinu þann 3. júní 2025.
- Hafrannsóknastofnun þann 11. júní 2025.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 5. júní 2025.
- Náttúrufræðistofnun þann 6. júní 2025.
- Náttúruverndarstofnun þann 19. júní 2025.
- Umhverfis- og orkustofnun þann 8. júní 2025.

Umsagnir frá Fiskistofu og Minjastofnun Íslands bárust ekki.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 24. júní 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Þjórsárlón er hluti af 5. áfanga Kvíslaveitna og var myndað á árunum 1996 og 1997 þegar Þjórsárstífla var reist. Vatn í efri hluta Þjórsár rann fyrir byggingu Kvíslaveitu ómiðlað til Búrfellsvirkjunar. Til þess að nýta betur það vatn í þeim virkjunum sem reistar höfðu verið var ráðist í að veita efstu kvíslum Þjórsár yfir í Kvíslavatn og þaðan yfir til Þórisvatns. Þórisvatn er mikilvægasta miðlunarlón Landsvirkjunar. Um Þórisvatn rennur allt vatn sem safnast saman í Kvíslaveitu og Hágöngumiðlun. Lón Kvíslaveitu eru alls 5 talsins og er Þjórsárlón efst þeirra. Vatn úr Þjórsárlóni rennur því í gegnum allar 7 virkjanirnar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Í Þjórsárlón rennur Þjórsá og Austurkvísl Þjórsárvísla. Austurkvíslin samanstendur af nyrstu frárennsliskvíslum Þjórsárjökuls. Meðalrennslí Austurkvíslar árin 1958 – 2017 var 6,5 m³ /s sem eru 205 Gl/a og samsvarar það 22%



af meðalrennslinu í Þjórsárlón og 15% af heildarrennslu Kvíslaveitu skv. líkani Vatnaskila. Árin 1998 til 2016 rann Austurkvísl öll í Þjórsárlón. Á mynd 2.1 má sjá að árið 2016 hefur gróðurriminn sem skilur að Austurkvíslina og fyrstu kvísl vestan hennar (hér nefnd Vesturkvísl) verið rofin syðst og lítil kvísl úr Austurkvísl rennur til vesturs. Frá 2016 hefur stærri hluti rennslis í austurkvíslinni verið að færast yfir í Vesturkvíslina.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í færslu Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrri farveg með gerð nýrrar rásar og leiðigarðs. Gert er ráð fyrir að mótuð verði grunn rás, tæplega 600 m löng, 50 m breið og um eins m djúp, nyrst á áreyrunum (Mynd 1). Áreyrar Austurkvíslar eru gróðurlausar, einsleitar malarfyllingar með um 100 mm steinum og lítilsháttar sanddreif, sem auðvelt er að ýta til og móta. Allt efni í leiðigarðinn er því til staðar á staðnum. Áætlað magn þess efnis sem verður ýtt upp í garðinn er um 6.000 m³ og verður hann um 5 m á breidd en breytilegur í hæð, þó ekki hærri en 1,5 m yfir aðlægu landi. Gert er ráð fyrir að nota meðalstóra jarðýtu (u.þ.b. 20 tonn) og litla beltagröfu (u.þ.b. 15 tonn) við verkið. Vegur liggur yfir Þjórsárstíflu og þaðan að suðurenda Austurkvíslar. Þar má aflesta tækin og keyra þau á áreyrunum að framkvæmdasvæðinu (sjá mynd 1) um 2,5 km leið. Ekki er gert ráð fyrir að þörf verði á því að ýtan fari á undan og marki vegslóða eftir aurkeilunni. Grafan og ýtan fara einungis eina ferð fram og til baka, og geta keyrt eftir aurkeilunni. Starfsmenn mæta á svæðið á jeppum sem einnig geta keyrt eftir aurkeilunni. Ef það er metið svo að aurkeilan sé of óslétt til að hægt sé að draga olútankinn, sem er á hjólum, á framkvæmdasvæðið kemur til greina að setja tankinn upp á pall búkollu sem myndi flytja hann á framkvæmdasvæðið. Vegna vatnsrofs og veðráttu munu öll för eftir tæki hverfa fljótt. Ljóst er að Austurkvíslin mun áfram hlaupa um áreyrar sínar með tilheyrandi rofi og tilfærslu á efni og líkur til þess að einhver hluti Austurkvíslarinnar hlaupi í Vesturkvíslina. Mögulega verður því þörf á því að endurtaka framkvæmdar í líkingu við þær sem á undan er lýst. Ákjósanlegast væri að framkvæmdir færu fram síðla sumars eða að hausti til þegar rennslí í Þjórsárvíslum er sem minnst og mögulegt að keyra tæki eftir áreyrunum. Áætlað er að vinna við gerð leiðigarðsins og flutningur á tækjum að og frá framkvæmdasvæðinu taki 10 daga.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar og umsögnum umsagnaraðila.

Verndarsvæði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Austurkvísl sé öll innan friðlands Þjórsárvera. Þjórsárver eru ein víðáttumesta gróðurvin miðhálandisins með fjölskrúðugu og einstöku lífríki. Svæðið var friðlýst árið 1981 og friðland þess stækkað árið 2017, úr 375 km² í 1.563 km². Í Höfðanum á milli Austur- og Vesturkvíslar, er lítt raskað votlendi sem nýtur verndar samkvæmt lögum mun náttúruvernd (sjá mynd 1). Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að valda jarðraski innan friðlands Þjórsárvera en svæðið sem verði fyrir raski séu einsleitar, gróðurlausar malareyrar og sanddreifar árauranna. Vatn og vindur mun fljótlega móta leiðigarðinn þar til ekki verður eftir því tekið að garðurinn er manngerður. Af sömu ástæðu munu för eftir tæki hverfa fljótt. Með veitingu Austurkvíslar aftur í sinn fyrri farveg fyrir 2016 er komið í veg fyrir gróðureyðingu og mögulega skerðingu á votlendi og búsvæðum fugla innan Þjórsárvera, sem er forsenda verndargildi svæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telji fyrirhugaða framkvæmd innan friðlandsins í Þjórsárverum óæskilega vegna mikils náttúrulegs verndargildis svæðisins á alþjóðavísu og auk þess sem framkvæmdin stangist á við friðlýsingarskilmála friðlandsins.



Í svörum Landsvirkjunar kemur fram það álit að framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi svæðisins og muni hlífi rústamýri og búsvæðum fugla við landrofi. Í annarri málsgrein 11. greinar auglýsingar um friðlýsingu Þjórsárvera kemur fram að framkvæmdir séu heimilar innan friðlandsins að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og viðkomandi sveitarfélags. Í sömu grein segir að heimilt sé að grípa til aðgerða á svæðinu til verndar gróðri og dýralífi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdin, sem felur í sér stýringu vatnsrennslis og mótun farvegar, kunni að hafa áhrif á þau náttúrufarslegu einkenni sem skráning Þjórsárvera byggist á. Slíkar framkvæmdir geta breytt vatnaflæði, gróðurþekju og vistgerðum og þar með skert þá vistfræðilegu heild sem vernd svæðisins hvílir á.

Í svörum Landsvirkjunar er bent á að rennsli í Austur- og Vesturkvísl Þjórsárarkvísla verði hið sama og það hafi verið þegar Þjórsárver hafi fyrst verið skráð sem verndarsvæði. Engin skerðing verður á gróðurþekju eða vistgerðum af völdum framkvæmdanna en þær geta stöðvað þá vistgerðaskerðingu sem er í gangi í dag. Vatnsflæði verður það sama og það var í áratugi áður en austurkvíslin braut land og fór yfir í vesturkvíslina.



Mynd 1. Staðsetning og lega rásar og garðs. (Úr greinargerð).



Landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að með framkvæmdunum muni landslag og ásýnd breytast á svæðinu. Áraurar Austurkvíslar breytast sífellt og fyrirhuguð framkvæmd er í nálægð við önnur virkjanamannvirki. Svæðið eru gróðurlausir aurar innan friðlands Þjórsárvera, viðkvæmni landslags og ásýndar á framkvæmdasvæðinu er því metin í meðallagi. Umfang áhrifa er hins vegar metið lítið vegna þess hve lítt áberandi fyrirhugaður leiðigarður er og vegna þess að verið er að færa farveg Austurkvíslar aftur í sitt fyrra far, ásýnd verður því líkt og áður. Aðgengi að svæðinu er erfitt og fáir á ferli. Áhrif á landslag og ásýnd, að teknu tilliti til viðkvæmni landslags og ásýndar og umfangs áhrifa, eru því metin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Friðlandið í Þjórsárverum sé einstök landslagsheild og þó að lítið sé gert úr áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda þá er samt sem áður verið að breyta náttúrulegum ferlum og raska yfirborði sem mun hafa áhrif á landslagsheild innan friðlandsins og á víðerni.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að náttúrulegir ferlar hafi ekki alltaf jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir lífríki. T.d. í þessu tilviki þar sem færsla farvegar Austurkvíslar Þjórsárkvísla með auknu rennsli í Vesturkvíslum Þjórsarkvísla þýðir landrof á vistgerðum með mjög hátt verndargildi og rýrnun á búsvæðum fugla, en það eru þættir sem vega þungt í verndargildi svæðisins. Að ýta til efni staðbundið á jökulaurum er ekki talið hafa áhrif á víðerni eða landslagsheildir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd feli í sér jarðrask, mótun árfarvega og gerð leiðigarðs sem sé inngrip í landslag og þróun vatnsfalla innan svæðis sem skilgreint er sem víðerni. Þetta getur rýrt þá þætti sem friðlýsingin er sett til að vernda. Í ljósi þess að víðerni eru formlegur hluti verndarmarkmiða Þjórsárvera telur stofnunin nauðsynlegt að áhrif framkvæmdarinnar á víðerni verði sérstaklega metin og tilgreind í leyfisumsókn og/eða umhverfismati.

Í svörum Landsvirkjunar er bent á að skv. víðernakortlagningu sé um að ræða svæði á jaðri víðerna, enda séu eingöngu um 2,5 km í næstu virkjunarmannvirki sem sé yfirfall á stíflu Þjórsárlóns. Ekki er verið að byggja nein mannvirki, einungis að ýta til efni sem mun veðrast og jafnast út með tímanum. Svæðið er mjög óaðgengilegt fyrir gangandi eða aðra sem sækjast í víðernaupplifun og það er mat Landsvirkjunar að áhrif á víðernaupplifun verði óveruleg.

Náttúruverndarstofnun bendir á að brýnt sé að greining á skerðingu víðerna verði unnin, vöktun, eftirfylgni og áætlun verði skilgreind og samþykkt áður en til framkvæmdar kemur. Leyfisveiting samkvæmt 41. gr. náttúruverndarlaga verði háð vöktunaráætlun sem taki mið af verndarsjónarmiðum Þjórsárvera.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu eyravist og auravist. Eyravist einkennist af blautum til þurrum áreyrum og lítilli gróðurþekju. Verndargildi eyravistar er lágt. Í auravist eru áreyrnar þurrari og vistgerðin allrík af plöntutegundum. Verndargildi auravistar er miðlungs. Undanfarin ár hefur Austurkvíslin verið að brjóta sér leið í gegnum rimina, sem aðskilið hefur Austur- og Vesturkvíslina, yfir í Vesturkvíslina. Afleiðingar þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á farvegi Austurkvíslar eru rof á gróðri og skerðing á vistgerðum sem njóta verndar. Verði ekkert að gert má reikna með að áraeyrar Vesturkvíslar breiði úr sér og landrof aukist enn frekar. Með framkvæmdunum er Austurkvíslin leidd aftur í sinn fyrri farveg og þannig komið í veg fyrir áframhaldandi gróðureyðingu. Framkvæmdin er því talin hafa talsverð jákvæð áhrif á gróður.

Náttúruverndarstofnun bendir á að vernd Þjórsárvera feli í sér verulega almannahagsmuni, bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Svæðið hefur verið friðlýst meðal



annars til að tryggja vernd mikilvægra vistgerða, votlendis og búsvæða fugla. Einnig er svæðið Ramsarsvæði en aðaláhersla Ramsarsamningsins er að vernda þau votlendissvæði sem eftir eru í heiminum.

Í svörum Landsvirkjunar er bent á að ekkert rask verði á vistgerðum, votlendi eða búsvæðum fugla. Þvert á móti munu framkvæmdirnar minnka rask á öllum þessum þáttum þar sem framkvæmdin kemur í veg fyrir að núverandi farvegabreytingar brjóti meira af landi. Þá er bent á að framkvæmdin er utan við Ramsarsvæðið, en það nær yfir það svæði sem voru upphaflegu mörk Þjórsárverafriðlandsins. Framkvæmdasvæðið er um 8 km frá Ramsarsvæðinu.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan friðlands Þjórsárvera og forsendur verndar snúa meðan annars að fuglalífi, aðallega heiðagæsavarpi. Auk þess er svæðið skráð á lista Ramsarsamningsins sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, einkum vegna auðugs fuglalífs. Í Höfðanum, á milli Austur- og Vesturkvíslar, má reikna með að fuglalíf sé allfjölbreytt, en þar er rústamýravist ríkjandi vistgerð. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og í næsta nágrenni þess má hins vegar gera má ráð fyrir að fuglalíf sé fremur strjált og fábreytt. Almennt er fuglalíf á eyravistum og auravistum rýrt, varp lítið en eitthvað um að fuglar sæki þangað í leit að æti. Verði ekkert að gert má hins vegar reikna með að áreyrar Vesturkvíslar breiði úr sér og landrof aukist enn frekar sem að leitt geti til skerðingar á búsvæðum fugla, einkum votlendisbúsvæðum. Með framkvæmdunum er Austurkvíslin leidd aftur í sinn fyrri farveg og þannig komið í veg fyrir frekari búsvæðaeyðingu. Framkvæmdin er því talin hafa nokkuð jákvæð áhrif á fuglalíf.

Vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Austurkvíslin sé í vatnavefsjá flokkuð sem straumvatnshlotið Þjórsárvíslar (103-957-R), Vesturkvíslin sem straumvatnshlotið Þjórsárvíslar (103-552-R) og Þjórsárlón sem stöðuvatnshlotið Þjórsárlón (103-2445-L). Fram kemur að Hafrannsóknarstofnun hafi verið fengin til þess að leggja mat á möguleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum við Austurkvísl í samræmi við markmið laga um stjórn vatnamála og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Niðurstaða Hafrannsóknarstofnunar er að framkvæmdin komi til með að hafa lítilsháttar áhrif á vatnsformfræði vatnshlotanna Þjórsárvíslar 2? (103-957-R), Þjórsárvíslar (103-552-R) og mögulega Þjórsárlón (103-2445-L) en óbein og líklega lítil áhrif á vatnshlot neðar í kerfinu. Þar verða áhrifin einkum aukin gruggmyndun vegna aukins innrennslis jökulvatns sem að getur haft áhrif á vatnsformfræðilega og líffræðilega gæðapætti. Þessi gruggmyndun kemur þó til með að vera sambærileg þeirri gruggmyndun sem var fyrir árið 2016, áður en hluti rennslis í Austurkvíslinni byrjaði að færast yfir í Vesturkvíslina. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á eðlisefnafræðilega og efnafræðilega gæðapætti eða að þau muni valda breytingum á ástandsflökkun vatnshlota.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gera þyrfti betur grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vesturkvísl árinna, vatnshlotið Þjórsárvíslar (103- 552-R). Stofnunin telur að ákveðið ósamræmi sé í matinu varðandi það hvort framkvæmdin hafi bein eða óbein áhrif á vatnshlotið og telur að það verði fyrir beinum áhrifum að völdum framkvæmdarinnar þar sem rennslis mun minnka þegar vatni er veitt úr því og yfir í austurkvíslina.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að uppfært áhrifamat, þar sem fjallað verður frekar um áhrif á vesturkvísl Þjórsárvíslar, mun fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn. Fyrirfram er þó búist við því að áhrifin á vatnshlotið verði óveruleg því rennslis verður aftur það sama og það var í áratugi fram til ársins 2016.



5 Skipulag og leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Jafnframt leyfi Náttúruverndarstofnunar samkvæmt 41. gr. laga um náttúruvernd til vara 2. mgr. 40. gr. sömu laga. Einnig leyfi forsætisráðherra skv. 3. gr. laga um þjóðlundur og leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. vatnalögum.

Skoða þarf hvort framkvæmdir kalli á aðal- eða deiliskipulagsgerð sem grundvöll fyrir leyfisveitingu með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

6 Niðurstaða

Um er að ræða færslu Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrra horf með gerð rásar og leiðigarðs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.12 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til náttúruverndarsvæða og landslagsheilda, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir sem í eðli sínu eru ekki umfangsmiklar m.t.t. mannvirkjagerðar en eru innan friðlandsins í Þjórsárverum. Markmið friðlýsingar Þjórsárvera er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja.

Með þessum framkvæmdum er verið að freista þess færa rennsli Austurkvíslar Þjórsárvísla í fyrra horf en frá 2016 hefur aukinn hluti rennslisins verið að færast yfir í Vesturkvíslina. Samkvæmt framlögðum gögnum er talið að ef sú staða kemur upp að ekkert af Austurkvíslinni renni í Þjórsárlón muni það leiða til 120 GWst minni raforkuframleiðslu á ári. Skipulagsstofnun bendir á að þessi ákvörðun tekur til þess hvort að fyrirhugaðar framkvæmdir þurfi að undirgangast umhverfismat eða ekki m.t.t. umhverfisáhrifa. Í báðum tilfellum liggur fyrir að Landsvirkjun getur ráðist í framkvæmdir til þess að viðhalda raforkuframleiðslu að undangengnum leyfum.

Fyrir liggur að sjálft framkvæmdasvæðið er gróðurlausar áreyrar sem eru síbreytilegar en að færsla Austurkvíslarinnar yfir í þá vestari hefur orsakað rof á gróðri og skerðingu á vistgerðum með mjög hátt verndargildi og skv. gögnum Landsvirkjunar liggur fyrir að ef ekki verður ráðist í fyrirhugaðar framkvæmdir megi gera ráð fyrir að áreyrar Vesturkvíslar breiði úr sér og landrof aukist enn frekar og kann að valda rofi á rústamýravist sem er vistgerð sem hefur mjög hátt verndargildi en ein af ástæðu fyrir friðlýsingu Þjórsárvera er að vernda rústamýravist. Skipulagsstofnun bendir á að möguleg jákvæð áhrif framkvæmda hafa ekki þýðingu við ákvörðun um matsskyldu. Við fyrirhugaðar framkvæmdir er ekki verið að raska votlendi og sjálft framkvæmdasvæðið er utan afmörkunar Ramsarsvæðis, en það nær yfir það svæði sem tók til upphaflegra marka Þjórsárverafriðlandsins, þ.e. 375 km². Fyrir liggur að skv. skilmálum friðlýsingarinnar er gert ráð fyrir að óheimilt sé að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, nema að fengnu



leyfi Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) og viðkomandi sveitarfélags, og vegna viðhalds á mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum.

Varðandi áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslag og ásýnd er ljóst að á framkvæmdatíma mun verða nokkuð rask bæði við akstur farartækja frá aflestunarstað að framkvæmdasvæðinu, um 2,5 km leið og vegna rásar og leiðigarðsins. Að mati Skipulagsstofnunar munu fyrirhugaðar framkvæmdir ekki verða mjög áberandi á þessari víðáttumiklu flatneskju og garðurinn veðrast og að öllum líkindum falla inn í landslagið á tiltölulega skömmum tíma. Stofnunin telur að það sama eigi við ummerki eftir farartækin. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að 2,5 km séu í næstu virkjunarmannvirki megi líta svo á að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan óbyggðs víðernis, þegar horft er til ákvæða laga um náttúruvernd sem lúta að upplifun, þ.e. svæði í óbyggðum þar sem hægt er að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Skipulagsstofnun telur hins vegar, í ljósi þess sem rakið er hér að framan um sýnileika, að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki þess eðlis, með hliðsjón af því raski sem þær koma til með að valda, að þær muni hafa varanleg neikvæð áhrif á víðernaupplifun. Stofnunin bendir á að í leyfi Náttúruverndarstofnunar skv. lögum um náttúruvernd er unnt að setja skilyrði um vöktun með hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda sem og um verktilhögun, verklag og frágang.

Fyrir liggur áhrifamat sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið fyrir vatnshlot en skv. því er ekki gert ráð fyrir framkvæmdin hafi áhrif á eðlisefnafræðilega og efnafræðilega gæðaþætti eða að þau muni valda breytingum á ástandsflokkun vatnshlota. Ljóst er hins vegar að, í ljósi umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um bein áhrif á vatnshlotið Þjórsárkvíslar (103- 552-R, þ.e. Vesturkvíslar, þarf að uppfæra áhrifamatið áður en kemur að leyfisveitingum.

Eins og fyrr segir er framkvæmdasvæðið á síbreytilegum áreyrum og fyrir liggur að allar líkur eru á að a.m.k. hluti Austurkvíslar muni flæmast á ný yfir í Vesturkvíslina og þar af leiðandi þarf mögulega að ráðast á ný í sambærilegar framkvæmdir fljótlega. Ef til þess kemur þarf að gera ráð fyrir að þær krefjist málsmeðferðar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 5. ágúst 2025.

Reykjavík, 4. júlí 2025

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

